

Föstudaginn 16. október 1970.

Nr. 74/1970. **Halldór Laxdal f. h. Radióbúðarinnar**
(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Kristínu Þórðardóttur og Jóhannesi Eliassyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Eignarréttarfyrirvari. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. janúar 1970, en féll niður 6. apríl 1970 vegna útivistar áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1970 á hendur stefnda Kristínu Þórðardóttur og stefnu 8. apríl 1970 og birtri 17. s. m. í Lögbirtingablaðinu á hendur stefnda Jóhannesi Eliassyni. Krefst áfrýjandi þess, að honum verði með fógétagerð veitt umráð sjónvarpstækis þess af gerðinni Eltra Bellevue 1022, sem í málinu greinir, gegn því, að hann skili ógreiddum vixlum fyrir kaupverði tækisins, nú samtals að fjárhæð kr. 9.545.00. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Kristín Þórðardóttir krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda Jóhannesar Eliassonar hefur eigi verið sótt dómþing fyrir Hæstarétti.

Í sölusamningi 11. janúar 1968 áskildi áfrýjandi sér eignarrétt að nefndu sjónvarpstæki, ef eigi yrði staðið í skilum með kaupverðið. Enn standa ógreiddir vixlar að fjárhæð kr. 9.545.00, sem greiðast áttu á árinu 1968.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu áfrýjanda um innsetningu í sjónvarpstækið til greina.

Það bar eigi undir fógætadóm í máli þessu að lúka dómsorði á skuldaskil aðilja vegna tækiskaupsins samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað fyrir fógætadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógæta að framkvæma hina umbeðnu fógætagerð.

Stefndu, Kristín Þórðardóttir og Jóhannes Eliasson, greiði áfrýjanda, Halldóri Laxdal f. h. Radióbúðarinnar, óskipt málskostnað fyrir fógætadómi og Hæstarétti, samtals kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1969.

Gerðarbeiðandi, Halldór Laxdal, Löngubrekku 12 í Kópavogi, hefur krafizt þess, að Radióbúðin, sem hann er eigandi að, verði sett inn í umráð sjónvarpstækis af gerðinni ELTRA BELLEVUE 1022, sem hann kveður gerðarþolana, Kristínu Þórðardóttur og Jóhannes Eliasson, halda fyrir sér. Hann krefst málskostnaðar úr höndum gerðarþolanna in solidum, að því leyti sem hann hafi útgjöld af máli þessu.

Jóhannes Eliasson hefur ekki mætt í máli þessu, og hefur fógæti ekki getað náð sambandi við hann, en haldið er, að hann sé búsettur utanlands. Aftur á móti hefur gerðarþoli Kristín Þórðardóttir, Grensásvegi 60, látið mæta í málinu og krafizt þess, að synjað verði um innsetningargerð þessa, og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Er mál þetta var tekið fyrir hinn 10. þessa mánaðar samkvæmt ákvörðun fógætaréttarins hinn 5. þessa mánaðar, var ekki mætt af hálfu gerðarþola. Umboðsmaður gerðarbeiðanda lagði þá málið í úrskurð.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. 5 kaupsamningur Radióbúðarinnar og Jóhannesar Eliassonar, Ljósheimum 22, dagsettur 11. janúar 1968. Kaupir Jóhannes þar sjónvarpstæki, ELTRA BELLEVUE 1022, fyrir kr. 27.665.00. Útborgun var kr. 9.000.00, en fyrir eftirstöðvunum samþykkti Jóhannes 10 víxla, og vísast

til rskj. 5 um upphæðir og gjalddaga. Kaupsamningur þessi kveður svo á, að seljandi sé eigandi hins selda, unz kaupverð þess sé að fullu greitt, og skipti þar engu samþykki víxla eða greiðsla með ávísun og sé kaupanda óheimilt að afhenda hið selda eða veðsetja það og honum sé óheimilt að flytja það úr stað, nema að undangenginni tilkynningu til seljanda. Þá tiltekur samningur þessi, að verði vanskil á afborgunum eða brot á nefndum samningsreglum, þá geti seljandi tekið hið selda þegar í stað án þess að greiða aftur það, sem hann kynni að hafa tekið við af söluverði.

Nú skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að 5 víxlar með gjalddögum 11. hvers mánaðanna júlí—nóvember 1968 séu í vanskilum, samtals kr. 7.602.00. Vill gerðarbeiðandi nú nota sér ákvæði samnings þeirra Jóhannesar til að taka hið umsamda sjónvarpstæki í sínar hendur. Hann segir, að innheimta hafi reynzt árangurslaus og að gerðarþoli Kristín Þórðardóttir, fyrrverandi eiginkona kaupandans, Jóhannesar Elíassonar, hafi lýst því yfir, að við samvistaslit þeirra og brottför hans af landi hafi tækið komið í hennar vörzlu og að hún hvorki greiddi skuldina né afhenti tækið.

Gerðarþoli Kristín Þórðardóttir skýrir svo frá í greinargerð, að hún og Jóhannes Elíasson hafi skilið að borði og sæng 26. marz 1968 og við skipti á búinu hafi sjónvarpstæki þetta komið í hennar hlut. Kveðst hún ekki hafa vitað betur en Jóhannes væri algerlega kvaðalaus eigandi þess. Hann hafi og verið skráður eigandi þess hjá Ríkisútvarpinu samkvæmt tilkynningu gerðarbeiðanda. Þar eð hér sé um að ræða opinbera skrásetningu samkvæmt lögum og komi til sömu reglur um traustfang og um væri að ræða fasteignir, skip, bifreiðar og þess háttar og hefði gerðarbeiðandi viljað tryggja rétt sinn, hefði hann átt að senda Ríkisútvarpinu eintak kaupsamningsins. Þá vefengir gerðarþoli, að um vanskil sé að ræða, samþykki víxla sé greiðsla. Gerðarþoli heldur því eindregið fram, að samningar sem þessir séu lagaðir til þess að skapa óvissu í viðskiptum manna og sé nauðsyn að krefjast þess, að sá, sem byggja vilji rétt sinn á slíkum samningi, láti skrásetja rétt sinn, þar sem slíkri skrásetningu verði við komið.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þessum sjónarmiðum og kröfum gerðarþola í einu og öllu.

Í kaupsamningi með eignarréttarfyrrvara hefur kaupandi greitt hluta kaupverðs við samningsgerð. Hér hefur seljandi lýst yfir riftingu samnings. Hann hefur ekki viljað bjóða fram endurgreiðslu þess fjár, sem kaupandi hefur greitt. Ekki liggur heldur

neitt fyrir um raunverulegt ástand þess munar, sem samningur var gerður um, og er óvíst, hve mikils virði hann er nú. Með tilliti til þessa alls verður að telja, að ekki verði beitt beinni fógétagerð hér, heldur verði fjallað um viðskipti aðiljanna í heild fyrir hinum almenna dómstóli í einkamálum.

Er því synjað um innsetningargerð þessa, en málskostnaður fellur niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. október 1970.

Nr. 113/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Stefáni Þór Elíssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Bogi Nilsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 9.000.00, og laun verjanda síns, kr. 9.000.00.